

# Loftslagsbókhalð 2024





2/25

LOFTSLAGSBÓKHALD  
2024

Lykiltölur
Aðgerðaáætlun
Loftslagsbókhalð
Losun gróðurhúsalofttegunda
Breytingar milli ára
Orkuvinnsla
Losun á orkueiningu
Forðuð losun
Losun eftir gróðurhúsalofttegundum
Aðferðafræði loftslagsbókhalðs
Staðfesting vottunaraðila

# Loftslagsbókhalð 2024

Forstjóri staðfestir hér með niðurstöður loftslagsbókhalðs og kolefnisspor Landsvirkjunar árið 2024 með undirritun sinni.

Hörður Arnarson, forstjóri

Útgáfudagsetning  
21. febrúar 2025

## Efnisyfirlit

Lykiltölur	3
Aðgerðaáætlun	4
Loftslagsbókhalð	5
Losun gróðurhúsalofttegunda	6
Breytingar milli ára	7
Umfang 1	7
Umfang 2	7
Umfang 3	7
Utan umfanga	7
Kolefnisbinding	7
Orkuvinnsla	8
Losun á orkueiningu	8
Forðuð losun	9
Losun eftir gróðurhúsalofttegundum	9
Aðferðafræði loftslagsbókhalðs	10
Gagnaöflun og meðhöndlun gagna	11
Útreikningar á kolefnisspori	12
Útreikningar á losun eftir þáttum	12
Útreikningar á kolefnisbindingu	18
Staðfesting vottunaraðila	19
Independent Assurance Report	19

### Tengiliður

Jóhanna Hlín Auðunsdóttir  
forstöðumaður loftslags og áhrifastýringar  
Johanna.Hlin.Audunsdottir@landsvirkjun.is



## Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhald

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu


Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalds

Staðfesting vottunaraðila

Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Við tökum loftslagsbreytingar alvarlega og erum stolt af framlagi okkar til loftslagsmála. Orkuvinnsla Landsvirkjunar flokkast með atvinnugreinum sem þykir mikilvægt að vaxi til að markmið um sjálfbæran heim og að takmarka hlýnun jarðar við 1,5°C frá upphafi iðnbyltingar náist.

Í loftslagsbókhaldinu eru settar fram tölulegar upplýsingar um kolefnisspor, losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisbindingu fyrirtækisins fyrir almanaksárið 2024, auk upplýsinga um aðgerðaáætlun og stöðu loftslagsmarkmiða okkar.



## ↓ Lykiltölur

Orkuvinnsla

**14.171** GWst  $\downarrow 3,8\%$ 

Heildarlosun

**68.834** tonn CO<sub>2</sub>-íg  $\downarrow 0,1\%$ 

Kolefnisbinding

**36.438** tonn CO<sub>2</sub>-íg  $\uparrow 1,8\%$ 

Kolefnisspor

**32.396** tonn CO<sub>2</sub>-íg  $\downarrow 2,2\%$ 

Losun orkuvinnslu á orkueiningu

**3,3** g CO<sub>2</sub>-íg/kWst  $\uparrow 5,6\%$ 

Heildarlosun á orkueiningu

**4,9** g CO<sub>2</sub>-íg/kWst  $\uparrow 3,9\%$ 

Forðuð losun vegna orkuvinnslu

**2.533.823** tonn CO<sub>2</sub>-íg  $\downarrow 4,1\%$ 

Kolefnisspor á orkueiningu


**2,3** g CO<sub>2</sub>-íg/kWst  $\uparrow 1,7\%$



# Aðgerðaáætlun


## Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum vísar okkur veginn

### Forgangsröðun aðgerða




[Aðgerðaáætlun okkar í loftslagsmálum](#) →  
[Mælaborð loftslagsáætlunar](#) →

## ↓ Losun vegna orkuvinnslu á orkueiningu undir 1 g CO<sub>2</sub>-ígildum/kWst árið 2050




## Loftslagsmarkmið og framvinda þeirra

### ↓ 80% samdráttur í losun jarðvarmastöðva á orkueiningu árið 2030 m.v. árið 2008



### ↓ Hættum að kaupa jarðefnaeldsneyti árið 2030

65% samdráttur í losun vegna bruna jarðefnaeldsneytis árið 2025 m.v. árið 2008



### ↓ Viðhalda heildarlosun á orkueiningu undir 9,1 gCO<sub>2</sub>-ígildum/kWst





Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhalð

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundum

Aðferðafræði  
loftslagsbókhalðs

Staðfesting vottunaraðila

# Loftslagsbókhalð


Við vinnum loftslagsbókhalð út frá aðferðafræði *Greenhouse Gas Protocol (GHGP)*, leiðandi alþjóðlegs fyrirtækjastaðals fyrir upplýsingagjöf um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis.

Aðferðafræði við útreikning á losun í umfangi 3 hefur verið breytt frá fyrra ári og inniheldur nú alla viðeigandi flokka skv. Greenhouse Gas Protocol Umfang 3 inniheldur nú alla losun vegna aðkeyptrar vöru og þjónustu og vegna fastafjármuna auk þess sem losun vegna fjárfestinga Landsvirkjunar og keyptrar raforku til endursölu hefur verið bætt við. Losun fyrir árið 2023 hefur verið uppfærð til samræmis og því er losun í umfangi 3 hærri en birt var í loftslagsbókhalði 2023.

Skilgreining á áhrifum fyrirtækisins nær til allrar starfsemi okkar og þeirra dótturfélaga sem við stýrum beint, þ.e.a.s. Landsvirkjunar Power og Icelandic Power Insurance. Ítarlegar upplýsingar um þá aðferðafræði sem Landsvirkjun notar við útreikninga á kolefnisspori fyrirtækisins má sjá í kaflanum [Aðferðafræði loftslagsbókhalðs](#).

Við leggjum áherslu á réttmæta og gagnsæja upplýsingagjöf. Alþjóðlega endurskoðunarfyrirtækið Bureau Veritas hefur rýnt og staðfest loftslagsbókhalðið okkar, samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 14064-3 með takmarkaðri vissu (e. limited assurance). Aftast í loftslagsbókhalðinu má sjá skjöl frá Bureau Veritas þessu til staðfestingar. Með þessu tryggjum við að niðurstöður okkar séu í samræmi við þá losun sem starfsemin veldur og þá kolefnisbindingu sem við stuðlum að.


## ↓ Losunarþættir í starfsemi Landsvirkjunar flokkaðir eftir umfangi





# Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda (tonn CO <sub>2</sub> -íg)	2020	2021	2022	2023	2024	Breyting frá 2023
<b>Umfang 1</b>						
Jarðvarmi	30.651	32.288	34.225	35.767	37.166	3,9%
Lón (CH <sub>4</sub> )	7.711	7.519	7.459	8.111	7.429	-8,4%
Bruni eldsneytis	349	443	380	338	344	1,8%
Rafbúnaður (SF <sub>6</sub> )	15	105	68	132	200	51%
<b>Samtals umfang 1</b>	<b>38.726</b>	<b>40.354</b>	<b>42.132</b>	<b>44.348</b>	<b>45.139</b>	<b>1,8%</b>
<b>Umfang 2</b>						
Keypt raforka, staðbundin losun	9,0	5,5	6,4	6,3	4,6	-27%
Keypt raforka, markaðstengd losun	9,0	5,5	6,4	2,2	1,6	-27%
Keypt heitt vatn	21	14	19	19	21	6,0%
<b>Samtals umfang 2, staðbundin losun</b>	<b>30</b>	<b>20</b>	<b>25</b>	<b>26</b>	<b>25</b>	<b>-2,1%</b>
<b>Samtals umfang 2, markaðstengd losun</b>	<b>30</b>	<b>20</b>	<b>25</b>	<b>22</b>	<b>22</b>	<b>2,7%</b>
<b>Umfang 3</b>						
Aðkeyptar vörur og þjónusta, samtals	1.657	1.295	1.091	10.821	9.807	-9,4%
Áburður	1.657	1.295	1.091	1.186	1.238	4,4%
Aðrar aðkeyptar vörur og þjónusta	-	-	-	9.635	8.569	-11%
Fastafjármunir, samtals	997	630	294	10.108	9.965	-1,4%
Framkvæmdir	997	630	294	1.323	492	-63%
Aðrir fastafjármunir	-	-	-	8.785	9.473	7,8%
Eldsneyti og orka, samtals	94	123	171	99	470	375,1%
Framleiðsla eldsneytis	94	118	109	99	105	5,7%
Keypt raforka til endursölu	0	4	62	0	366	-
Úrgangur	28	30	24	39	34	-13%
Vinnuferðir, samtals	131	143	248	330	346	5%
Flugferðir	67	82	189	258	260	0,71%
Ferðir með bílaleigubíl	64	61	59	71	85	20%
Ferðir starfsfólks til og frá vinnu	69	107	95	94	119	26%
Flutningur raforku	2.262	1.929	1.518	1.151	1.059	-8,0%
Fjárfestingar	-	-	-	1.182	1.171	-0,93%
<b>Samtals umfang 3</b>	<b>5.237</b>	<b>4.256</b>	<b>3.442</b>	<b>23.824</b>	<b>22.970</b>	<b>-3,6%</b>
<b>Utan umfanga</b>						
Lón (CO <sub>2</sub> )	591	549	613	624	599	-4,0%
Bruni lífolíu (CO <sub>2</sub> )	55	61	83	84	100	20%
<b>Samtals utan umfanga</b>	<b>645</b>	<b>610</b>	<b>697</b>	<b>708</b>	<b>699</b>	<b>-1,2%</b>
<b>Heildarlosun</b>	<b>44.639</b>	<b>45.239</b>	<b>46.295</b>	<b>68.905</b>	<b>68.834</b>	<b>-0,1%</b>
<b>Binding</b>	<b>-33.000</b>	<b>-34.400</b>	<b>-35.151</b>	<b>-35.794</b>	<b>-36.438</b>	<b>1,8%</b>
<b>Kolefnisspor</b>	<b>11.639</b>	<b>10.839</b>	<b>11.144</b>	<b>33.111</b>	<b>32.396</b>	<b>-2,2%</b>





7/25

LOFTSLAGSBÓKHALD  
2024

Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhalð

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalds

Staðfesting vottunaraðila

# Breytingar milli ára

## Umfang 1

### Jarðvarmi

Losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðvarmastöðvum jókst um 4% á milli ára. Aukninguna má rekja til aukinnar raforkuvinnslu sem jókst um 5% milli ára. Losun á hverja vinnslueiningu lækkaði lítillega frá fyrra ári.

### Lón (CH<sub>4</sub>)

Losun metans frá lónum vatnsaflsstöðva minnkaði um 8% frá fyrra ári þar sem íslausir dagar á lónum voru færri árið 2024 en árið 2023. Losun frá lónum ræðst af fjölda þeirra daga sem lónin eru ísilögð.

### Eldsneyti

Losun vegna bruna eldsneytis jókst um 2% á milli ára. Aukninguna má helst rekja til aukinnar notkunar dísilolíu á vararafstöðvar og er sú notkun að mestu vegna prófunar búnaðar. Eldsneytistankar vararafstöðva eru fylltir öðru hvort og skráist losunin á það ár sem áfylling á sér stað.

Við ætlum að hætta að kaupa jarðefnaeldsneyti árið 2030 og vinnum markvisst að orkuskiptum í bíla- og tækjaflota okkar. Í lok árs gengu 90% fólksbíla fyrirtækisins fyrir hreinorku. Auk þess notum við vetnismeðhöndlaða lífolíu (VLO) á hluta bifreiða sem ekki eru rafknúnar og minnkum þannig kaup á jarðefnaeldsneyti. Notkun VLO jókst um tæp 20% á milli ára.

### Rafbúnaður

Losun vegna leka einangrunarmiðilsins SF<sub>6</sub> af rafbúnaði á Þjósársvæði og Fljótsdalsstöð var 8,5 kg árið 2024. Þar sem SF<sub>6</sub> er mjög öflug gróðurhúsalofttegund jafngildir þessi losun 200 tonnum CO<sub>2</sub>-ígilda, sem er 51% meira en árið 2023. Mikill munur losunar á milli ára skýrist af því að á nokkurra ára fresti þarf að bæta SF<sub>6</sub> á hluta rafbúnaðar vegna hægs leka efnisins og skráist losunin á það ár sem áfyllingin á sér stað.

## Umfang 2

### Keypt raforka

Bæði markaðstengd og staðbundin losun vegna keyptrar raforku, lækkaði um 27% milli ára. Ástæða lækunarinnar er að við keyptum minni raforku en árið áður.

### Keypt heitt vatn

Losun vegna vinnslu á keyptu heitu vatni hækkaði um 6% á milli ára. Hækkunina má helst rekja til meiri notkunar heits vatns í nýju skrifstofuhúsnæði fyrirtækisins í Reykjavík en í því húsnæði sem hýsti starfsfólk áður.

## Umfang 3

Aðferðafræði við útreikning á losun í umfangi 3 hefur verið breytt frá fyrra ári og inniheldur nú alla viðeigandi flokka skv. Greenhouse Gas Protocol. Umfang 3 inniheldur nú alla losun vegna aðkeyptrar vöru og þjónustu og vegna fastafjármuna auk þess sem losun vegna fjárfestinga Landsvirkjunar hefur verið bætt við. Losun fyrir árið 2023 hefur verið uppfærð til samræmis og því er losun í umfangi 3 hærri en birt var í loftslagsbókhalði 2023.

### Aðkeyptar vörur og þjónusta

Losun vegna aðkeyptrar vara og þjónustu lækkaði um 9% á milli ára. Losun vegna notkunar áburðar í landgræðslu- og skógræktarverkefnum okkar jókst um 4% á milli ára sem skýrist m.a. af því að keypt var meira magn af áburði árið 2024. Munur á áburðarkaupum á milli ára er vegna breytileika í verkefnum sem unnið er að hverju sinni. Ekki er t.d. þörf á að bera á sama magn ár hvert og einnig er gert hlé á áburðargjöf eftir því sem gróður eflist. Við beitum innra kolefnisverði við mat á tilboðum um áburð og tökum þannig tillit til losunar við innkaup. Losun vegna annarra aðkeyptrar vara og þjónustu lækkaði um 11% á milli ára. Sú losun er reiknuð út frá kostnaði en kostnaður vegna aðkeyptrar vöru og þjónustu lækkaði á milli ára.

### Fastafjármunir

Losun vegna fastafjármuna lækkaði um rúmt 1% frá fyrra ári. Losun vegna framkvæmdaverkefna minnkaði um rúm 60% en sú losun getur sveiflast mikið á milli ára eftir stærð verkefna hverju sinni. Losun vegna annarra fastafjármuna hækkaði um 8% á milli ára. Sú losun er reiknuð út frá kostnaði en kostnaður vegna fastafjármuna hækkaði á milli ára.

### Eldsneyti og orka

Losun vegna eldsneytis og orku í umfangi 3 jókst um 375% á milli ára. Um er að ræða annars vegar losun vegna framleiðslu og flutnings þess eldsneytis sem við notum á okkar eigin bíla og tæki og hins vegar losun vegna keyptrar raforku sem er seld áfram til viðskiptavina. Losun vegna framleiðslu og flutnings eldsneytis jókst um tæp 6% á milli ára en við keyptum meira eldsneyti á okkar tæki og bíla en árið 2023. Losun vegna keyptrar raforku sem var endurseld til viðskiptavina nam 366 tonnum CO<sub>2</sub>-ígilda en árið áður var engin slík raforka keypt og losunin því engin.

### Úrgangur

Losun vegna meðhöndlunar úrgangs minnkaði um 13% á milli ára. Magn úrgangs frá starfsemi getur sveiflast töluvert ár frá ári og fer að miklu leyti eftir fjölda og umfangi endurbóta- og viðhaldsverkefna sem eru í gangi á hverjum tíma.

## Vinnuferðir

Losun vegna vinnuferða starfsfólks jókst um 5% á milli ára. Losun vegna flugferða starfsfólks jókst lítillega eða um tæplega 1% en losun vegna vinnuferða á bílaleigubílum jókst um 20%.

### Flutningur raforku

Losun vegna flutnings raforku minnkaði um 8% á milli ára. Um er að ræða losun af einangrunarmiðlinum SF<sub>6</sub> í rafbúnaði tengivirkja Landsnets. Samdráttinn á milli ára má rekja til aukinnar vöktunar og fyrirbyggjandi viðhalds á búnaði hjá Landsneti.

### Ferðir til og frá vinnu

Losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu jókst um 26% á milli ára en starfsfólki fjölgaði um 14% á árinu. Starfsfólki sem ferðast til og frá vinnu á eigin vegum með vistvænum hætti býðst samgöngustyrkur. Hlutfall fastráðins starfsfólks sem nýtti sér samgöngustyrk á árinu var 43%.

### Fjárfestingar

Losun vegna starfsemi fyrirtækja sem Landsvirkjun á hluti í dróst lítillega saman á milli ára. Útreikningar á losun byggja á meðallosun þeirra geira sem fyrirtækin starfa í og dróst hún lítillega saman á milli ára.

## Utan umfanga

### Lón (CO<sub>2</sub>)

Losun koldíoxíðs frá lónum minnkaði um 4% á milli ára þar sem íslausum dögum fækkaði frá fyrra ári en losunin ræðst af fjölda þeirra daga sem lónin eru ísilögð.

### Bruni lífolíu (CO<sub>2</sub>)

Losun koldíoxíðs vegna bruna vetnismeðhöndlaðar lífolíu (VLO) jókst um 20% á milli ára. Við höfum markvisst notað VLO í starfsemi okkar þar sem áhrif hennar á loftslag eru minni en áhrif jarðefnaeldsneytis.

### Kolefnisbinding

Kolefnisbinding jókst um tæp 2% á milli ára. Stærstur hluti hennar kemur til vegna landgræðsluaðgerða, eða 91%. Önnur kolefnisbinding á okkar vegum er í skógrækt og við endurheimt votlendis dregur úr losun kolefnis. Aukningu á milli ára má rekja til eflingar landgræðslu- og skógræktarsvæða og áframhaldandi aðgerða. Upplýsingar um kolefnisbindingu byggja á mati Lands og skógar (áður Skógræktin og Landgræðslan). Nánar má lesa um aðferðafræði í kaflanum [Aðferðafræði loftslagsbókhalds](#).



## Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhald

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalds

Staðfesting vottunaraðila

# Orkuvinnsla

## ↓ Orkuvinnsla (GWst)

	2020	2021	2022	2023	2024	Breyting frá 2023
Jarðvarmi	972	1.052	1.255	1.248	1.305	4,6%
Vatnsafl	12.458	13.074	13.494	13.480	12.859	-4,6%
Vindorka	6,7	6,1	5,7	6,2	6,7	7,3%
<b>Heildarorkuvinnsla</b>	<b>13.437</b>	<b>14.132</b>	<b>14.755</b>	<b>14.734</b>	<b>14.171</b>	<b>-3,8%</b>
Eigin notkun	87	85	95	102	88	-14%
Töþ	49	50	55	54	38	-30%
<b>Orka út á net</b>	<b>13.302</b>	<b>13.996</b>	<b>14.605</b>	<b>14.578</b>	<b>14.045</b>	<b>-3,7%</b>

Orkuvinnsla Landsvirkjunar árið 2024 var 14.171 GWst, af henni fóru 14.045 GWst út á netið sem er um 4% minna en árið áður. Hluti Landsvirkjunar af raforku sem afhent var á netið á árinu var 75%.

# Losun á orkueiningu

## ↓ Losun á orkueiningu (gCO<sub>2</sub>-íg/kWst)

	2020	2021	2022	2023	2024	Breyting frá 2023
Jarðvarmi (umfang 1)	32	31	27	29	28	-0,66%
Vatnsafl (umfang 1)	0,62	0,58	0,55	0,60	0,58	-4,0%
Heildarlosun raforkuvinnslu (umfang 1)	2,9	2,8	2,8	3,0	3,1	5,7%
Önnur losun	0,42	0,34	0,27	1,7	1,7	3,6%
<b>Heildarlosun á orkueiningu</b>	<b>3,3</b>	<b>3,2</b>	<b>3,1</b>	<b>4,7</b>	<b>4,9</b>	<b>3,9%</b>
<b>Kolefnisspor á orkueiningu</b>	<b>0,87</b>	<b>0,77</b>	<b>0,76</b>	<b>2,2</b>	<b>2,3</b>	<b>1,7%</b>

Heildarlosun á orkueiningu var 4,9 gCO<sub>2</sub>-ígildi/kWst árið 2024 og jókst um 4% á milli ára. Losun raforkuvinnslu með jarðvarma var 28 gCO<sub>2</sub>-íg/kWst og lækkaði lítillega frá fyrra ári. Losun raforkuvinnslu með vatnsafl var 0,58 gCO<sub>2</sub>-íg/kWst og dróst saman um 4% á milli ára vegna færri íslausra daga á lónum samanborið við árið áður. Kolefnisspor (losun að frádreginni bindingu) á hverja orkueiningu var 2,3 gCO<sub>2</sub>-íg/kWst og eykst um 2% á milli ára.

	2020	2021	2022	2023	2024	Breyting frá 2023
Losun vegna orkuvinnslu á orkueiningu*	3,1	3,0	3,0	3,1	3,3	5,6%

\*Losun vegna orkuvinnslu á orkueiningu inniheldur losun í umfangi 1, umfangi 2 og losun vegna flutnings raforku í umfangi 3





Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhalð

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalðs

Staðfesting vottunaraðila

## Forðuð losun

### ↓ Forðuð losun vegna raforkuvinnslu Landsvirkjunar

	2022	2023	2024	Breyting frá 2023
Seld orka, GWst	14.629	14.686	14.118	-3,9%
Viðmiðunarstuðull, gCO <sub>2</sub> -íg/kWst	185	183	183	0%
Bein losun (umfang 1), tCO <sub>2</sub> -íg	42.122	44.348	45.139	1,8%
<b>Forðuð losun, tCO<sub>2</sub>-íg</b>	<b>2.664.328</b>	<b>2.641.874</b>	<b>2.533.823</b>	<b>-4,1%</b>

Raforkan okkar hefur einkar lítið kolefnisspor og notkun hennar kemur í veg fyrir notkun raforku með stærra kolefnisspori. Forðuð losun, eða sú losun sem starfsemin kemur í veg fyrir, er hluti af loftslagsframlagi okkar. Í samræmi við grænan fjármögnunarramma Landsvirkjunar er ár hvert lagt mat á loftslagsáhrif eða forðaða losun vegna gjaldgengra grænna eigna fyrirtækisins. Árið 2024 var forðuð losun vegna orkuvinnslu Landsvirkjunar metin um 2,5 milljón tonn CO<sub>2</sub>-ígilda og minnkaði um 4% á milli ára. Ástæða samdráttarins er minni raforkusala en árið áður. Nánar er fjallað um forðaða losun og aðferðafræðina að baki útreikningunum í skýrslunni *Green Finance Impact Report*, en hún er hluti af upplýsingagjöf vegna grænnar fjármögnunar.<sup>1</sup>

## Losun eftir gróðurhúsalofttegundum

### ↓ Losun í umfangi 1 sundurliðuð eftir gróðurhúsalofttegundum (tonn)

	Jarðvarmi	Vatnsafl	Jarðefnaeldsneyti	Lífolía	Rafbúnaður	Samtals
CO <sub>2</sub>	34.480		332			<b>34.812</b>
CH <sub>4</sub>	23	265	0,0062			<b>288</b>
N <sub>2</sub> O			0,014			<b>0,014</b>
SF <sub>6</sub>					0,0085	<b>0,0085</b>
CH <sub>4</sub> og N <sub>2</sub> O*				1,5		<b>1,5</b>

\*Ekki er hægt að skipta upp losun metans og glaðlofts vegna bruna lífdísils, þar sem þeir losunarstuðlar sem við notumst við í útreikningum bjóða ekki upp á það. Þessi losun er gefin upp í koldíoxíðsigildum.

1 Græn fjármögnun. Landsvirkjun, 2024



10/25

LOFTSLAGSBÓKHALD  
2024

Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhalð

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalðs

Staðfesting vottunaraðila

# Aðferðafræði loftslagsbókhalðs

Landsvirkjun er leiðandi í loftslagsmálum og tekur virkan þátt í alþjóðlegri baráttu gegn loftslagsvánni. Við vinnum 100% endurnýjanlega orku með hverfandi kolefnisspor og vinnum eftir metnaðarfullri aðgerðaáætlun í loftslags- og umhverfismálum.<sup>2</sup> Aðgerðaáætlun okkar byggir á ítarlegri kortlagningu á kolefnisspori fyrirtækisins. Við leggjum mikla áherslu á að þekkja losun fyrirtækisins, fylgjast með árangri okkar og veita upplýsingar um loftslagsáhrif fyrirtækisins á ábyrgan hátt.

Við fylgjumst með losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar í rauntíma sem auðveldar okkur að taka upplýstar ákvarðanir, greina árangur aðgerða og stöðu markmiða jafnt og þétt yfir árið. Árlega er gerð samantekt á losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnisbindingu og kolefnisspori í loftslagsbókhalði þar sem ítarlega er gerð grein fyrir losunarpáttum, breytingu á losun og bindingu og stöðu markmiða.

Við vinnum loftslagsbókhalð út frá aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol (GHGP),<sup>3</sup> leiðandi alþjóðlegs fyrirtækjastaðals fyrir upplýsingagjöf um losun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagsbókhalð okkar hefur verið rýnt og staðfest af óháðum vottunaraðilum frá árinu 2018 og var Landsvirkjun fyrsta íslenska fyrirtækið sem lét ytri vottunaraðila rýna loftslagsbókhalð sitt.

Hér verður farið yfir þá aðferðafræði sem stuðst er við og þær forsendur sem notaðar eru við gerð loftslagsbókhalðsins.

## Skilgreining á áhrifum fyrirtækisins

Loftslagsbókhalð Landsvirkjunar nær til allrar starfsemi fyrirtækisins og þeirra dótturfélaga sem er stýrt beint af okkur, þ.e.a.s. Landsvirkjunar Power og Icelandic Power Insurance.

## Gróðurhúsalofttegundir í starfsemi Landsvirkjunar

Í starfsemi Landsvirkjunar myndast gróðurhúsalofttegundirnar koldíoxíð (CO<sub>2</sub>), metan (CH<sub>4</sub>) og glaðloft (N<sub>2</sub>O), auk þess sem brennisteinshexaflúoríð (SF<sub>6</sub>) losnar út í andrúmsloftið.

**CO<sub>2</sub>**

Í starfsemi okkar myndast koldíoxíð aðallega við bruna jarðefnaeldsneytis og niðurbrot lífrænna efna í lónum en lofttegundin er einnig jarðhitagas. Magn gróðurhúsalofttegunda er gefið upp í koldíoxíð-ígildum (CO<sub>2</sub>-ígildum).

**CH<sub>4</sub>**

Í starfseminni myndast metan við niðurbrot lífrænna efna í lónum, urðun úrgangs og bruna jarðefnaeldsneytis en lofttegundin er einnig jarðhitagas. Metan er 28 sinnum öflugri gróðurhúsalofttegund en koldíoxíð.

**N<sub>2</sub>O**

Í starfsemi okkar verður til glaðloft við bruna jarðefnaeldsneytis og áburðarnotkun. Glaðloft er 265 sinnum öflugri gróðurhúsalofttegund en koldíoxíð.

**SF<sub>6</sub>**

Brennisteinshexaflúoríð er manngerð lofttegund sem er notuð sem einangrunarmiðill á rafbúnað. Í starfsemi okkar og Landsnets getur hún losnað út í andrúmsloftið við leka frá rafbúnaði. SF<sub>6</sub> er 23.500 sinnum öflugri gróðurhúsalofttegund en koldíoxíð.

## Umfang starfseminnar

Þegar talað er um umfang starfseminnar er átt við skilgreiningu á þeim þáttum sem eiga hlut í losun starfseminnar á gróðurhúsalofttegundum. Þetta getur ýmist verið „bein losun“ (umfang 1) eða „óbein losun“ (umfang 2 og 3), skv. skilgreiningu GHGP.

Undir **umfang 1** fellur sú losun sem við berum beina ábyrgð á, þ.e. losun sem gerist í okkar rekstri og við höfum stjórn á. Ef við tökum ákvörðun um að minnka þessa losun, t.d. hættum að brenna eldsneyti hjá okkur eða skilum jarðhitavökvanum til í baka í jarðhitakerfið við jarðvarmastöðvar okkar, hefur það bein áhrif til samdráttar á losun.

Undir **umfang 2** fellur sú losun sem verður vegna vinnslu raforku og heits vatns sem við kaupum. Undir **umfang 3** fellur sú losun sem verður við framleiðslu á öðrum vörum eða þjónustu sem við notum eða fer frá okkur í förgun (úrgangur). Við getum haft áhrif á notkunina okkar en stýrum ekki hvernig framleiðslan, þjónustan eða förgunin fer fram. Losun í umfangi 2 og 3 verður í rekstri annarra aðila sem við stýrum ekki beint. Við getum aftur á móti haft áhrif á þessa losun óbeint með því að velja við hverja við verslum eða gera kröfur til loftslagsmála hjá viðkomandi birgjum og þjónustuaðilum.

Samkvæmt aðferðafræði GHGP er losun koldíoxíðs af lífrænum uppruna (e. biogenic), t.d. losun koldíoxíðs við bruna lífolíu, flokkuð **utan umfanga**.

## Sjá mynd á blaðsíðu 5 í Loftslagsbókhalði:

Losunarpættir í starfsemi Landsvirkjunar, flokkaðir eftir umfangi

<sup>2</sup> Aðgerðaáætlun loftslags- og umhverfismála. Landsvirkjun, 2024.

<sup>3</sup> The Greenhouse Gas Protocol, A Corporate Accounting and Reporting Standard Revised Edition. World Resources Institute og World Business Council for Sustainable Development, 2004.



Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhalð

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalðs

Staðfesting vottunaraðila

### Ástæður flokkunarinnar

Ef Landsvirkjun skoðaði og upplýsti einungis um beina losun frá starfsemi fyrirtækisins (umfang 1) myndum við aðeins horfa til losunar frá jarðvarma, lónum, bruna eldsneytis okkar eigin farartækja og losunar brennisteinshexaflúoríðs (SF<sub>6</sub>) frá búnaði í okkar eigu. Þetta myndi þýða að öll losun annarra fyrirtækja sem við kaupum vörur eða þiggjum þjónustu af væri ótalin í loftslagsbókhalðinu. Þannig væru t.d. engir hvatar til að gera kröfur til verktaka um að draga úr eldsneytisnotkun eða draga úr kaupum á vörum með stórt kolefnisspor og við gætum minnkað losun t.d. með því að nota bílaleigubíla í stað bíla í okkar eigu. Þannig myndi loftslagsbókhalð okkar sýna minni losun þótt raunveruleg losun minnkaði ekki.

Með því að upplýsa um losun í umfangi 2 og 3 tökum við ekki einungis ábyrgð á beinni losun fyrirtækisins heldur allri þeirri losun sem verður í virðiskeðjunni og horfum þannig heildstætt á losun gróðurhúsalofttegunda. Með því skapast hvatar til að vanda til verka þegar birgjar eru valdir og þrýstingur settur á fyrirtæki í virðiskeðju okkar til að gera betur.

### Staðfesting vottunaraðila

Alþjóðlega endurskoðendafyrirtækið Bureau Veritas hefur rýnt og staðfest losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi okkar frá árinu 2018 og kolefnisbindingu á okkar vegum frá 2020. Losun og kolefnisbinding er rýnd og staðfest skv. alþjóðlega staðlinum ISO 14064-3 með takmarkaðri vissu (e. limited assurance). Með þessu tryggjum við að niðurstöður okkar séu í samræmi við þá losun sem starfsemin veldur. Auk þess hefur sama fyrirtæki rýnt beina losun (umfang 1) okkar árið 2008 skv. ISAE 3000 með takmarkaðri vissu. Árið 2008 er viðmiðunarár samdráttarmarkmiða okkar og með þessari staðfestingu getum við sýnt á öruggan hátt fram á samdrátt í losun vegna starfseminnar.


Nánari upplýsingar um staðfestingu á losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisbindingu í starfsemi Landsvirkjunar er að finna í yfirlýsingu úttektaaðila (e. Independent limited assurance statement) sem fylgir loftslagsbókhalði hvers árs.

## Gagnaöflun og meðhöndlun gagna

Við fylgjum skýru verklagi til að tryggja gæði gagna í loftslagsbókhalði okkar. Þau gögn sem við notum (umhverfsgögn og losunarstuðlar) eru lesin inn í gagnagrunn, svokallað vöruhús gagna. Þessi gögn eru ýmist lesin sjálfvirk úr bókhaldskerfi okkar og gögnum beint frá birgjum eða skráð handvirk úr þeim upplýsingum sem við höfum aflað. Nánar er gerð grein fyrir þeim gögnum sem við notum í loftslagsbókhalðinu og hvernig þeirra er aflað í kaflanum [Útreikningar á losun eftir þáttum](#).

Gögnin eru einnig birt í mælaborði umhverfsgagna, þar sem hægt er skoða þau á aðgengilegan hátt og fylgjast með framvindu loftslagsmála og annarra umhverfismála í rauntíma. Við fylgjumst síðan með árangri okkar í átt að markmiðum aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum í loftslagsmælaborði, sem finna má á vef Landsvirkjunar.<sup>4</sup>

### ↓ Ferli gagna, úrvinnsla og birting



■ Gögn  
■ Birting



Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhalð

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalðs

Staðfesting vottunaraðila

## Útreikningar á kolefnisspori

Kolefnisspor Landsvirkjunar gerir grein fyrir árlegri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi fyrirtækisins sem reiknuð er skv. aðferðafræði GHGP að frádreginni árlegri kolefnisbindingu verkefna á vegum fyrirtækisins.

$$\text{Kolefnisspor} = \text{losun gróðurhúsalofttegunda} - \text{kolefnisbinding}$$

Við teljum losun koldíoxíðs af lífrænum uppruna (e. biogenic) með í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda fyrirtækisins. Samkvæmt aðferðafræði GHGP fellur sú losun utan umfanga og er að öllu jöfnu ekki talin með í kolefnisspori fyrirtækja, þar sem hún er ekki talin stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum þegar á heildina er litið. Bestu starfsvenjur við mat á kolefnishlutleysi fyrirtækja<sup>5</sup> segja hins vegar til um að telja eigi lífræna losun koldíoxíðs með í kolefnisspori og höfum við því ákveðið að gera það.

5 Science Based Targets Initiative, Net-Zero Standard.

## Útreikningar á losun eftir þáttum

### Jarðvarmi

Við nýtingu jarðhita til raforkuvinnslu á háhitasvæðum er jarðhitavökvi tekinn upp um borholur úr jarðhitageymi á um 2.000 metra dýpi. Jarðhitavökvinn sem nýttur við vinnslu inniheldur gastegundir, þ.á.m. gróðurhúsalofttegundirnar koldíoxíð, sem á uppruna sinn að rekja til afgösunar kviku, og metan. Erlendar og innlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að koldíoxíð losni út um jarðveg á náttúrulegan hátt á jarðhitasvæðum. Ekki liggur fyrir að hvaða leyti nýting jarðhita hefur áhrif á náttúrulega losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðhitasvæðum. Undanfarin ár hafa staðið yfir rannsóknir á vinnslusvæðum Landsvirkjunar sem varpa eiga skýrara ljósi á áhrif vinnslunnar.

Losun frá jarðvarmastöðvum er reiknuð niður á hverja borholu. Árlega eru tekin og efnagreind sýni af gasi og jarðhitavökva á öllum borholum og segja þessar mælingar m.a. til um styrk gróðurhúsalofttegunda í jarðhitavökvanum. Þá eru framkvæmdar árlegar aflmælingar með þynningaraðferð á hverri holu og mánaðarlegar aflmælingar með áætluðu vermi holna. Út frá þeim upplýsingum fæst heildarvinnslumagn hvarholu. Styrkur gróðurhúsalofttegunda í hverri holu er margfaldaður með heildarmagni gufufu og vökva sem berst upp um borholuna og út frá því fást upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðvarmavinnslunni. Notast er við viðeigandi losunarstuðul til að umreikna losun metans í CO<sub>2</sub>-ígildi. Losun frá jarðvarmavinnslu er bein losun frá starfsemi okkar og flokkast undir umfang 1.

### ↓ Losunarstuðull fyrir metan

	Losunarstuðull (gCO <sub>2</sub> -íg/g)	Heimild
Metan (CH <sub>4</sub> )	28	IPCC, 2013 <sup>6</sup>

6 Climate Change 2013: The Physical Science Basis. Contribution of Working Group I to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change. IPCC, 2013.



Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhalð

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalðs

Staðfesting vottunaraðila

**Vatnsafl**

Við myndun uppistöðulóna fara gróður og jarðvegur undir vatn og brotna þar niður.

Við þetta niðurbrot (rotnun) lífrænna efna myndast gróðurhúsalofttegundirnar koldíoxíð, metan og glaðloft. Magn losunar veltur að mestu leyti á heildarmagni lífræns efnis í jarðvegi og gróðri sem fer undir vatn í hverju tilviki og er því mismikil eftir lónum. Mælingar hérlendis hafa ekki sýnt fram á að losun glaðlofts eigi sér stað og hefur hún því verið metin engin í loftslagsbókhalði Landsvirkjunar, líkt og gert er í losunarbókhalði Íslands.<sup>7</sup> Við útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda frá lónum er stuðst við leiðbeiningar frá IPCC<sup>8</sup> líkt og gert er fyrir losunarbókhalð Íslands.

Ekki er gert ráð fyrir að losun koldíoxíðs verði frá lónum þegar ís liggur yfir þeim því þá er hitastig vatnsins það lágt að starfsemi örvera, og þ.a.l. gasmyndun, er hverfandi. Fylgst er með ísþekju lóna við Blöndustöð og Fljótsdalsstöð og haldið utan um skráningu á íslausum dögum. Fyrir önnur lón, þar sem afar lítið af lífrænu efni fór undir vatn, er fjöldi íslausra daga ekki vaktaður sérstaklega og er þar miðað við að þeir séu 215 talsins ár hvert. Losun koldíoxíðs og metans frá lónum er reiknuð með því að nota sértæka losunarstuðla sem sérfræðingar Landbúnaðarháskóla Íslands taka saman og byggja á fjölda rannsókna og ritýndra greina.

Ekki er vitað hversu mikið magn af lífrænu kolefni, sem brotnar niður þegar gróður og jarðvegur fer undir vatn, losnar út í andrúmsloftið og hve mikið magn binst í lóninu sjálfu. Þar til þær upplýsingar liggja fyrir hefur Landsvirkjun ákveðið að telja alla þessa losun til losunar út í andrúmsloftið.

Árið 2019 gaf IPCC út uppfærðar leiðbeiningar fyrir mat á losun frá lónum. Samkvæmt þeim hægist á niðurbroti lífrænna efna með tímanum og lýkur því yfirleitt eftir 20 ár eða fyrr. Eftir fyrstu 20 árin má rekja losun koltvíoxíðs frá lónum að mestu leyti til lífræns efnis sem borist hefur úr vatnasviðinu. Sú losun er talin sem hluti af losun í öðrum landnotkunarflokkum en ekki sem losun frá lónum og er því losun koldíoxíðs frá lónum eldri en 20 ára metin engin.

Samkvæmt aðferðafræði GHGP fellur losun metans frá lónum undir umfang 1 en losun koldíoxíðs telst utan umfanga, því gróðurinn hefur á vaxtartíma sínum bundið jafn mikið magn koldíoxíðs og hann losar við niðurbrot.

**↓ Losunarstuðlar fyrir lón Landsvirkjunar**

Lón	Ár myndað	CO <sub>2</sub> íslaus (kgCO <sub>2</sub> /ha*d) Lón 20 ára og yngri*	CO <sub>2</sub> ís (kgCO <sub>2</sub> /ha*d)	CH <sub>4</sub> íslaus (kgCH <sub>4</sub> /ha*d)	CH <sub>4</sub> ís (kgCH <sub>4</sub> /ha*d)
Þórisvatnsmiðlun	1972	0,162	0	0,0065	0,000051
Sauðafellslón	1972	0,162	0	0,0065	0,000051
Krókslón	1977	0,230	0	0,0092	0
Hrauneyjalón	1981	0,106	0	0,0042	0
Bjarnalón	1969	0,076	0	0,0030	0
Blöndulón	1991	4,67	0	0,187	0,0040
Blöndulón, stækkun	1996	4,67	0	0,187	0,0040
Gilsárlón	1991	12,9	0	0,524	0,012
Hágöngumiðlun	1998	0,162	0	0,0065	0,000052
Kvislavatn 1	1985	0,162	0	0,0065	0,000052
Kvislavatn 2	1985	2,11	0	0,085	0,0018
Dratthalavatn 1	1985	0,162	0	0,0065	0,000052
Dratthalavatn 2	1985	2,11	0	0,085	0,0018
Eyvindarlón	1985	0,162	0	0,0065	0,000052
Hreysislón	1985	0,162	0	0,0065	0,000052
Þjósárlón	1996	0,162	0	0,0065	0,000052
Sultartangalón	1984	0,083	0	0,0033	0
Hálslón	2007	0,392	0	0,016	0,00036
Ufsarlón	2009	0,902	0	0,036	0,00080
Kelduárlón	2009	0,770	0	0,031	0,00071
Grjótárlón	2009	0,247	0	0,0099	0
Vatnsfellsveita	2001	0	0	0	0
Sporðöldulón 1	2013	0,162	0	0,0065	0,000052
Sporðöldulón 2	2013	2,11	0	0,085	0,0018

\*Fyrir lón eldri en 20 ára er losunarstuðull fyrir CO<sub>2</sub> á íslausum dögum 0.

7 Losun frá lónum, samantekt á niðurstöðum rannsókna og stöðu þekkingar. EFLA verkfræðistofa, 2021.  
8 2019 Refinement to the 2006 IPCC Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories, Volume 4, Agriculture, Forestry and Other Land Use, Chapter 7. IPCC, 2019.



Lykiltölur

Aðgerðaáætlun

Loftslagsbókhalð

Losun gróðurhúsalofttegunda

Breytingar milli ára

Orkuvinnsla

Losun á orkueiningu

Forðuð losun

Losun eftir  
gróðurhúsalofttegundumAðferðafræði  
loftslagsbókhalðs

Staðfesting vottunaraðila

## Eldsneyti

Við notum eldsneyti á okkar eigin bíla og annan tækjabúnað, rafstöðvar, varaafstöðvar og bílaleigubíla. Losun gróðurhúsalofttegunda á sér stað við bruna eldsneytis, en einnig við framleiðslu og flutning þess. Við höldum utan um ítarlega skráningu á því eldsneyti sem við kaupum og notum. Losun er reiknuð fyrir hvern lítra af eldsneyti út frá viðeigandi losunarstuðlum en jafnframt er reiknuð út losun hvers farartækis, vélar og vélbúnaðar.

### ↓ Losunarstuðlar fyrir eldsneyti

Eldsneytistegund	Umfang	Losunarstuðull (kgCO <sub>2</sub> -íg/l)	Heimild
Dísilolía	1	2,72	UST, 2024 <sup>9</sup>
Dísilolía	3	0,624	DEFRA, 2023 <sup>10</sup>
Bensín	1	2,34	UST, 2024 <sup>9</sup>
Bensín	3	0,607	DEFRA, 2023 <sup>10</sup>
Lífolía (VLO)	1	0,0356	DEFRA 2023 <sup>10</sup>
Lífolía (VLO)	3	0,559	DEFRA, 2023 <sup>10</sup>
Lífolía (VLO)	Utan umfanga	2,43	DEFRA, 2023 <sup>10</sup>
Vetni	3	1,78	Zhao o.fl., 2018 <sup>11</sup>

### ↓ Losunarstuðlar fyrir eldsneyti sundurliðaðir eftir gastegundum

Gastegund	Dísilolía	Bensín	Lífolía	Heimild
Koldíoxíð (kgCO <sub>2</sub> -íg/l)	2,63	2,34	2,43	DEFRA, 2023 <sup>10</sup>
Metan (kgCO <sub>2</sub> -íg/l)	0,00029	0,00820	-	DEFRA, 2023 <sup>10</sup>
Glaðloft (kgCO <sub>2</sub> -íg/l)	0,0331	0,00597	-	DEFRA, 2023 <sup>10</sup>
Metan og glaðloft (kgCO <sub>2</sub> -íg/l)	-	-	0,0356	DEFRA, 2023 <sup>10</sup>

Losunarstuðlasettið frá DEFRA skilur ekki á milli losunar metans og glaðlofts við bruna lífdísils og þess vegna er sú losun gefin upp í koldíoxíðsígildum.

Losun sem verður við bruna jarðefnaeldsneytis fellur undir umfang 1. Losun metans og glaðlofts sem verður við bruna lífolíu fellur undir umfang 1, en losun koldíoxíðs fellur utan umfanga. Losun sem verður við framleiðslu og flutning alls eldsneytis fellur undir umfang 3.

<sup>9</sup> Losunarstuðlar, 6. útgáfa. Umhverfisstofnun, 2024.  
<sup>10</sup> Greenhouse gas reporting: conversion factors 2024. Department for Environment, Food & Rural Affairs, 2024.  
<sup>11</sup> Zhao, Pedersen. Life Cycle Assessment of Hydrogen Production and Consumption in an Isolated Territory. Procedia CIRP, 69, 529-533, 2018.

## Rafbúnaður

Á nokkurra ára fresti þarf að bæta einangrunarmiðlinum brennisteinshexaflúoríði (SF<sub>6</sub>) á hluta rafbúnaðar vegna hægs leka efnisins. Fylgst er með birgðum og stöðu áfyllinga, þannig höfum við yfirsýn yfir losun vegna leka SF<sub>6</sub>. Notast er við viðeigandi losunarstuðul til að umreikna losunina í CO<sub>2</sub>-ígildi. Losun vegna leka SF<sub>6</sub> frá rafbúnaði okkar fellur undir umfang 1.

### ↓ Losunarstuðull fyrir brennisteinshexaflúoríð

	Losunarstuðull (gCO <sub>2</sub> -íg/g)	Heimild
Brennisteinshexaflúoríð (SF <sub>6</sub> )	23.500	IPCC, 2013 <sup>12</sup>

## Keypt raforka og heitt vatn

Losun vegna vinnslu á raforku og heitu vatni sem notuð er í starfsemi okkar er reiknuð út frá keyptu magni sem lesið er af reikningum. Þetta er gert með því að margfalda magn raforkunnar og vatnsins með viðeigandi losunarstuðlum.

